

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2022, fimmtudaginn 1. september, var haldinn 44. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10.02. Fundinn sátu: Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, Hanna Björk Kristinsdóttir, Ingólfur Már Magnússon, Lilja Sveinsdóttir, Björgvin Björgvinsson, Unnur Þöll Benediktsdóttir, Hallgrímur Eymundsson. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Anna Kristinsdóttir, Guðný Bára Jónsdóttir, Þórdís Linda Guðmundsdóttir og Bragi Bergsson. Valgerður Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning Velferðarsviðs á leiðbeiningum fyrir seinfæra foreldra. MSS22080245
Halldóra Gyða Matthíasd. Proppé og Raket Þorsteinsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
Samþykkt að vísa til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.
2. Fram fer kynning mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu á bæklingi um fordóma gegn fötluðu fólki á auðskildu máli. MSS22030281
Steinunn Ása Þorvaldsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 24. ágúst 2022, þar sem óskað er umsagnar aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks um tillögu fjármála- og áhættustýringasviðs, dags. 22. ágúst 2022, varðandi að hætta að prenta út og senda greiðsluseðla á pappír. Jafnframt eru lögð fram drög að umsögn aðgengis- og samráðsnefndar, dags. 1. september 2022. FAS22080009
Samþykkt að fela formanni nefndarinnar og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að klára umsögnina.
4. Fram fer kynning umhverfis- og skipulagssviðs á verkefnum í aðgengismálum 2022. MSS22080074
5. Fram fer kynning umhverfis- og skipulagssviðs á almenningsgarði fyrir öll í verkefninu Hverfið mitt. MSS22020075
- Kl. 11.17 víkja Bragi Bergsson og Þórdís Linda Guðmundsdóttir af fundinum.
6. Kosning varaformanns aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. MSS22080074
Lagt er til að Ingólfur Már Magnússon verði varaformaður aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks.

Fundi slitið kl. 11:24

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir

Unnur Þöll Benediktsdóttir
Hallgrímur Eymundsson
Björgvin Björgvinsson

Ingólfur Már Magnússon
Lilja Sveinsdóttir
Hanna Björk Kristinsdóttir